



Garðabæ 31. mars 2015

Stjórn Skátafélagsins Svana óskar eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um húsnæðismál skátafélagsins.

Skátakot, núverandi húsnæði skátafélagsins er í mjög slæmu ástandi. En húsið er í eigu Garðabæjar. Húsið er samsett úr tveimur gömlum húsum sem tengd voru saman með tengibyggingu. Í framhaldinu stóð svo til að lagfæra húsin að utan en aldrei var farið í það verkefni. Húsin eru því í mjög slæmu ástandi að utan. Að innan er m.a. leki með útidyrhurð sem hefur valdið því að gólfplatan við hurðina orðin það slæm að hún er byrjuð að gefa sig. Við teljum mjög mikilvægt að gerð verði úttekt á húsinu, þar sem skoðað verði hvort að viðgerðir borgi sig á húsinu.

Því óskum við eftir að það verði sett í algjöran forgang að skoða húsnæðismál félagsins bæði til bráðabirgða og til framtíðar.

Fyrir hönd skátafélagsins Svana

---

Jóhanna Aradóttir

Félagsforingi skátafélagsins Svana